

Húsreglur fyrir Nemendagarða LbhÍ

1. Íbúum er skylt að ganga þrifalega um íbúðir og lóðir nemendagarðanna og sýna sjálfsagða hirðusemi, t.a.m. farga rusli sínu á viðeigandi hátt í tunnur eða sorpmóttöku í Borgarnesi. Óheimilt er að geyma númerslausa bíla, dekk og annað þess háttar fyrir utan húsin. Dót við innganga að íbúðum skal halda í algjöru lágmarki. Óheimilt er að negla í veggi íbúða.
2. Leigjendur skulu hafa hugfast að valda öðrum íbúum hússins sem minnstu ónæði og óþægindum. Milli kl. 24:00 og 07:00 skal ríkjja kyrrð í húsnæðinu. Leitað skal eftir samþykki næstu nágranna ef um sérstakar upptakomur er að ræða s.s. party og veislur sem raskað geta ró þeirra eftir kl. 24:00. Sígarettu- og vape reykingar eru ekki leyfðar innanhúss í húsnæði nemendagarðanna.
3. Dýrahald er stranglega bannað í húsnæði og lóð nemendagarðanna og er þá átt við hunda, ketti, kanínur og önnur þau dýr er geta valdið ofnæmi, skemmdum á húsnæði og/eða ónæði.
4. Í útifatageymslu skal gæta fyllsta hreinlætis. Þar er leyfilegt að geyma reiðhjól og barnavagna.
5. Íbúum er skylt að gera húsverði strax viðvart ef um bilanir eða skemmdir verða á húsnæði eða búnaði þess, í tölvupósti á netfangið petur@lbhi.is eða í síma 843-5341.
6. Við brottflutning úr húsnæði skal íbúðinni, geymslu, útifataskáp og öðru því sem leigjanda tilheyrir skilað vel þrifnu samkvæmt úttektargögnum sem fást í móttöku skólans. Fyrir lyklaskil er húsnæðið tekið út að leigjanda viðstöddum (óski hann þess) á dagvinnutíma úttektaraðila. Ef allt er í lagi samþykkir úttektarðilinn skilin sem veitir leigjanda heimild til að skila inn lykli.
7. Lyklum skal skilað síðasta dag leigutímabils til húsvarðar á viðkomandi stað, úttektaraðila eða til Álfheiðar Sverris á kennsluskrifstofu. **Ekki er hægt að skila lykli nema úttekt á húsnæði hafi farið fram. Leiga verður innheimt þar til lykli er skilað.**
8. Ef upp kemur misbrestur á skilum á húsnæði er heimilt að rukka leigutaka um viðgerð/þrif, 4000 kr. á klst, þrif og áhöld innifalín.
9. Tímabundnir leigusamningar eru óuppsegjanlegir og samningum verður ekki rift nema í verulega sérstökum tilvikum, sem dæmi ef nemandi hættir í skólanum eða flytur í burtu. Ef slíkt kemur fyrir greiðir íbúi fulla leigu fyrir þann mánuð sem hann skilar lykli í.
10. Ef leigjandi (eða hans fjölskylda) fylgir ekki ofangreindum húsreglum (sem dæmi: dýrahald, ónæði í húsnæði, vanhírða o.fl.) skal viðkomandi hljóta skriflega áminningu. Ef engar úrbætur verða/við næsta brot er stjórn nemendagarðanna heimilt að rifta samningi við viðkomandi leigjanda og skal hann skila húsnæði samkvæmt reglu nr. 6 og 7 án tafar.